

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu í Grundarfjarðarbæ.

#### 1. gr.

Af öllum fasteignum í þéttbýli Grundarfjarðar sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu sveitarfélagsins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Hið sama gildir um fasteignir þar sem rotþrær hafa verið settar upp og sveitarfélagið þjónustar.

#### 2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni fasteigna í A-flokki, 0,30% af álagningarstofni fasteigna í B-flokki og 0,40% af álagningarstofni fasteigna í C-flokki. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

#### 3. gr.

Þar sem holræsaferfi sveitarfélagsins nær ekki til og 1. gr. gjaldskrár þessarar nær ekki yfir, annast sveitarfélagið tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Grundarfjarðarbæ og innheimtir rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við tæmingu, urðun seyru og umsjón með verkinu, sbr. 6. gr. samþykktar um fráveitu og rotþrær í Grundarfjarðarbæ nr. 777/2014.

Arlegt rotþróargjald sem lagt er á hverja fasteign, þar sem tæming á sér reglulega stað er 12.723 kr. fyrir árið 2024. Fjárhæð breytist árlega miðað við byggingarvísitölu í október ár hvert (115,7 stig í október 2023).

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila hverju sinni.

#### 4. gr.

Eiganda eða réttihafa fasteignar sem tengst getur fráveitu ber að greiða gjald fyrir tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins, sbr. 13. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Tengigjald fráveitu skal vera 315.000 kr. árið 2024. Fjárhæð breytist árlega miðað við byggingarvísitölu í október ár hvert (115,7 stig í október 2023).

Tengigjald verður fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar í eigu sveitarfélagsins eða við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum og við endurbyggingu og nýja tengingu húss á eldri lóð.

#### 5. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Tengigjald innheimtist sérstaklega, sbr. 4. gr. og er eindagi þess 30 dögum eftir gjalddaga.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitu- og rotþróargjalds. Lóðarhafi eða þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds.

Eindagi fráveitugjalds er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu fráveitugjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðþygingu, frá gjalddaga.

#### 6. gr.

Fráveitugjald, rotþróargjald og tengigjald er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign án tillits til eigendaskipta. Gjöldin, ásamt innheimtukostnaði og vöxtum, njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar, staðfestist hér með skv. ákvæðum 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og V. kafla laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. ákvæði samþykktar um fráveitu og rotþrær í Grundarfjarðarbæ nr. 777/2014. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og gildir um álagningu 2024. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1105/2014.

*Grundarfirði, 14. desember 2023.*

**Björg Ágústsdóttir** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2024